

Alþingi
Erindi nr. P 127/7
komudagur 26.10.2001



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Alþingi - Samgöngunefnd
Hr. Ágúst Geir Ágústsson, nefndaritari
150 REYKJAVÍK

2001100087

211

24. október 2001

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga.

Vísað er til bréfs yðar dags. 19. október 2001 þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sbr. lög nr. 56/1986, nr. 25/1990 og nr. 19/1993.

Að því er varðar fjarskipti er breyting gerð á O-lið 1. hluta IV. viðauka og felst hún í því að í stað orðanna "Viðtekin merki sem send eru frá fjarskiptakerfum" komi "Viðurkennd merki sem send eru frá fjarskiptakerfum, hér með taldir ratsjársvavar í björgunarförum."

Telja verður að umrædd breyting sé gerð í því skyni að taka af öll tvímæli um að svarmerki frá ratsjárspglum um borð í björgunarförum, þ.m.t. gúmbátum, skuli teljast til fjarskiptamerkja. Póst- og fjarskiptastofnun sér því ekkert til fyrirstöðu að breytingin verði staðfest.

Virðingarfyllst,

Gústav Arnar